

Eftir Kristján Hreinsson

**ASNINN SEM KUNNI
EKKI AÐ HLÝÐA**

www.gagnoggaman.is

Á sveitabæ bjó eitt sinn bóndi sem hét Jón,
hann átti asna sem var hinn mesti auli, því
hann kunni ekki að hlýða.



Að sumri til þurfti Jóni bóndi dag hvern að fara með nokkra mjólkurbrúsa á markaðstorg. Hann setti brúsana á kerru og lét svo asnann draga kerruna.





En það var hægara sagt en gert að fá asnann til að komast úr sporunum, því þegar Jón bóndi skipaði asnanum að flýta sér, þá átti asninn það til að stansa. Þegar Jón bóndi sagði asnanum að fara til vinstri þá fór hann jafnan til hægri og ef Jón sagði asnanum að stoppa, þá átti asninn það til að ganga aftur á bak eða taka á rás.

Jón bóndi varð þreyttur á þessu hátterni asnans, því hann kom alltaf of sein á markaðstorgið. Og þegar hann loksins kom á torgið, þá var mjólkin farin að súrna, og af þeim sökum fékk Jón bóndi sjaldnast peninga fyrir mjólkina.



Þetta þótti Jóni bónda ekki gott, því hann var að reyna að safna peningum, og hann þurfti að safna og safna, því hann ætlaði að kaupa sér hest.



Nú sá Jón bóndi að hann yrði að ráða bót á þessum vanda. Hann ákvað því að ekki skyldi asninn fá neitt að éta, fyrr en hann færi að láta að stjórn.

Nú liðu nokkrir dagar, asninn var bara látinn dúsa í stíunni sinni og hann fékk ekkert að éta.



Svo var það einn dag að Jón bóndi teymdi asnann út á hlað og bjó hann undir að draga kerruna. Þegar allt var til reiðu, starði Jón bóndi fast á asnann og sagði: -Asni minn góður, ef þú gengur nokkur skref áfram, þá skal ég gefa þér gulrót.



Asninn, sem var orðinn mjög svangur, sá að þetta ætti hann að geta gert, svo hann gekk áfram og þá fékk hann gulrótina. Þá brosti bóndinn og sagði: -Ef þú ferð nokkuð hratt áfram, þá gef ég þér tvær gulrætur. Asninn gekk nokkuð hratt og fékk gulræturnar.



-Ef þú ferð til vinstri, þá gef ég þér gras að éta, hélt Jón bóndi áfram og asninn fór til vinstri og fékk gras að launum. -Ef þú kemur mér fljótt á markaðinn, þá skal ég gefa þér mikið gras að éta, sagði Jón bóndi og var nú hinn ánægðasti.



Asninn kom Jóni á markaðinn, bóndinn seldi mjólkina og varð ótrúlega glaður því allt gekk vel. Fyrir vikið fékk asninn gras að éta og varð sáttur við sinn hlut.



Það sem eftir lifði sumars, flýtti asninn sér á markaðinn, Jón bóndi var yfirleitt fyrstur á staðinn, hann seldi alltaf alla mjólkina og hann græddi vel.



Eftir þetta sumar hafði Jón bóndi þénað svo vel að hann gat keypt sér hest. Og þegar hann keypti hestinn þá var það hesturinn sem sá um að draga kerruna á markað.



Asninn hafði unnið fyrir sínu og fékk nú að ráða því sjálfur hvað hann gerði. Hann lék sér yfirleitt allan daginn, át mikið og honum þótti gaman að vera til.



Já, þó asnar séu sagðir heimskir, þá geta þeir samt lært eitt og annað. Asninn hans Jóns bónda, gat lært að hlýða og þegar öllu var á botninn hvolft, þá var það asninn sem græddi mest.



Latur maður lítið þarf
að láta á sér bæra
en sá sem fær að stunda starf
stöðugt er að læra.



